

Fimmtudaginn 14. mars 1996.

Nr. 309/1994.

Protabú SH-verktaka hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Grafarvogssókn

(Ingimundur Einarsson hrl.) og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Guðmundur Pétursson hrl.)

Verksamningur. Kröfugerð. Frávísun máls að hluta. Skuldajöfnuður. Gjaldþrotaskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1994. Hann krefst þess aðallega, að stefnda, Grafarvogssókn, verði dæmd til að greiða sér 3.062.671 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 902.055 krónum frá 15. febrúar 1993 til 15. maí sama ár, en af 3.062.671 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi greiðslu úr hendi sömu stefndu á 2.116.671 krónu með dráttarvöxtum af 902.055 krónum frá 15. febrúar 1993 til 15. maí sama ár, en af 2.116.671 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst þess jafnframt, að stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., verði gert að þola dóm í málinu um framangreindar kröfur á hendur Grafarvogssókn. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti sameiginlega úr hendi stefndu.

Stefnda, Grafarvogssókn, krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti falli þá niður.

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Dómkrafa áfrýjanda á hendur stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., hljóðar þannig, að félaginu verði gert að þola dóm í mál-

inu á hendur stefndu, Grafarvogssókn. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þessi krafa af hálfu áfrýjanda skýrð svo, að með henni væri ekki leitað dóms um skyldu Sjóvá-Almennra trygginga hf. til greiðslu með Grafarvogssókn. Þá væri ekki heldur ætlan áfrýjanda, að mælt yrði fyrir í dómsorði um réttarstöðu Sjóvá-Almennra trygginga hf. í öðrum efnum en um skyldu til greiðslu málskostnaðar ásamt meðstefndu. Þess í stað ætlist áfrýjandi aðeins til þess, að tekin verði af tvímæli um í forsendum dómsins, að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. verði bundnar af dóminum, að því er fyrrgreinda verkabyrgð varðar.

Eftir því, sem að framan greinir, verður ekki hjá því komist að líta svo á, að áfrýjandi geri í reynd engar dómkröfur í málinu á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. um annað en greiðslu málskostnaðar.

Samkvæmt meginreglum einkamálaréttarfars geta ekki aðrir talist aðilar að einkamáli en þeir, sem gera þar dómkröfur eða kröfum er beint að. Frá þeirri meginreglu er sú undantekning, sem mælt er fyrir um í 21. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Áfrýjandi hefur ekki kosið að gera Sjóvá-Almennar tryggingar hf. að þátttakanda að málinu með réttargæslustefnu samkvæmt því ákvæði. Verður því málsókn áfrýjanda vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi, að því er varðar Sjóvá-Almennar tryggingar hf., og áfrýjanda gert að greiða félaginu málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

II.

Sóknarnefnd Grafarvogskirkju gerði verksamning 29. janúar 1992 við SH-verktaka hf. um fyrsta áfanga við smíði kirkju við götuna Fjörgyn í Reykjavík. Fólst verkið einkum í því að steypa húsið upp, reisa aðalburðarvirki fyrir hliðarbyggingar við húsið og leggja fráveitulögn og raflagnir í steypu auk þess að útvega efni að mestu leyti. Skyldi verkinu lokið fyrir 1. nóvember 1993 og verktakinn fá greiddar 53.391.104 krónur. Verksamningurinn mun hafa verið gerður að undangengnu forvali og lokuðu útboði með þátttöku sjö verktaka, þar sem SH-verktakar hf. urðu lægstbjóðendur með fyrrnefndri fjárhæð, en í áætlun um verkið hafði verkkaupi gert ráð fyrir, að kostnaður af því yrði 78.877.955 krónur.

Í samningnum var kveðið á um, að verktakinn skyldi setja verk-

tryggingu, að fjárhæð 5.339.110 krónur, handa verkkaupa. Höfðu SH-verktakar hf. tekið í þessu skyni verktryggingu 30. desember 1991 hjá stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Segir í váttryggingarskírteini, að váttryggður sem verkkaupi sé sóknarnefnd Grafarvogskirkju.

Samkvæmt gögnum málsins var SH-verktökum hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar 11. janúar 1993, en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 8. febrúar sama ár. Var framangreint verk þá um það bil hálfnað. Skiptastjórar í þrotabúinu kveða það aldrei hafa komið til greina, að það gengi inn í umræddan verksamning félagsins. Hins vegar hafi legið fyrir þegar við upphaf gjaldþrotaskipta, að Hagvirki-Klettur hf. væri reiðubúinn til að taka við verksamningnum gegn þar greindum verklaunum, auk þess að þrír menn, þar af tveir fyrrum starfsmenn SH-verktaka hf., hafi lýst sig fúsa til hins sama. Skiptastjórar hafi lagt áherslu á það við verkkaupann, að hann takmarkaði tjón sitt, svo sem kostur væri, með því að ganga til samninga á þessum grundvelli. Af því varð hins vegar ekki, heldur leitaði Grafarvogssókn tilboða í framhald verksins hjá Ístaki hf. og Sveinbirni Sigurðssyni hf. Bæði félögin höfðu upphaflega boðið í verkið, og var boð hins fyrrnefnda þá hið næsthæsta, en hins síðarnefnda næstlægst. Síðarnefnda félagið bauðst nú til að ljúka verkinu gegn greiðslu eftir sama einingarverði og upphaflegt tilboð þess tók mið af, en samkvæmt útreikningi sóknarnefndar nam fjárhæð þessa boðs 21.739.070 krónum. Ístak hf. bauðst á hinn bóginn til að ljúka verkinu fyrir 21.171.910 krónur, og var innifalinn í því boði kostnaður af ýmsum lagfæringum á verki fyrri verktaka, 974.000 krónur. Tók sóknarnefnd boði Ístaks hf., og var verksamningur gerður 17. mars 1993. Gagnstætt upphaflegum verksamningi var í hvorugu þeirra tilboða, sem hér um ræðir, ráðgert, að verktaki legði steinsteypu til verksins. Var hún undanskilin að ósk verkkaupa, sem útvegaði hana sjálfur, en endanlegur kostnaður af því reyndist vera 6.355.816 krónur.

Trúnaðarmenn áfrýjanda og Grafarvogssóknar, verkfræðingarnir Benedikt Olgeirsson og Torfi G. Sigurðsson, fóru sameiginlega yfir stöðu verks SH-verktaka hf. 16. og 17. febrúar 1993. Bar þeim saman um, að áfrýjandi ætti ógreidda 3.062.671 krónu vegna þess, sem unnið hafði verið. Þá bar trúnaðarmönnum um og saman um atriði í

verkinu, sem ýmist þyrfti að gera við eða ljúka að ganga frá, en kostnað af því mátu þeir ekki í sameiningu.

Með bréfi 3. maí 1993 lýsti Grafarvogssókn kröfum á hendur áfrýjanda vegna vanefnda á verksamningnum. Voru kröfurnar samtals að fjárhæð 11.547.499 krónur, sem voru sundurliðaðar og skýrðar þannig:

1. Viðbótarkostnaðar af framkvæmd verksins vegna riftunar verksamningsins. Í þessum kröfulið lagði Grafarvogssókn til grundvallar, að umsamin verklaun fyrir þann hluta verksins, sem SH-verktakar hf. luku ekki við, hafi verið 23.802.099 krónur. Samkvæmt verksamningi við Ístak hf. bæri hins vegar að greiða fyrir sömu verkþætti 20.197.910 krónur. Við þá fjárhæð var bætt 410.000 krónum vegna kostnaðar samkvæmt samningnum við Ístak hf., sem stafaði af viðgerð á göllum á vinnu fyrri verktaka, auk 6.522.644 króna, sem þá var áætlað kaupverð steinsteypu til verksins. Samkvæmt þessu taldi sóknarnefnd, að alls myndi kosta 27.130.554 krónur að ljúka verkinu, eins og um það hafði verið samið við SH-verktaka hf. Væri því kostnaðarauki af þessum sökum 3.328.355 krónur.

2. Kostnaður af frágangi verka SH-verktaka hf. Grafarvogssókn miðar í þessum kröfulið við áætlun verkfræðingsins Torfa G. Sigurðssonar um kostnað af öllum lagfæringum á verki fyrri verktakans, sem var talinn 2.151.768 krónur. Frá þeirri fjárhæð voru dregnar 410.000 krónur vegna kostnaðar af galla á verkinu, sem var tekinn samkvæmt framansögðu með í 1. kröfulið. Var því fjárhæð þessa liðar 1.741.768 krónur.

3. Ábyrgð eftir verklok. Í þessum lið krafðist Grafarvogssókn ábyrgðar til eins árs, að fjárhæð 5.000.000 krónur, vegna hugsanlegra galla á verki SH-verktaka hf.

4. Aðkeypt þjónusta og fleira vegna verktakaskipta. Grafarvogssókn krafðist í þessum lið 1.177.376 króna, sem hún sundurliðaði þannig, að verkfræðiþjónusta frá Hönnun hf. í tengslum við verktakaskiptin hafi kostað 495.998 krónur, vegna lögfræðiþjónustu hafi verið greiddar 269.978 krónur, og þóknun handa sóknarnefndarmönnum vegna sérstakra fundahalda í þessu sambandi væri 411.400 krónur.

5. Kostnaður af hreinsun lóðar. Þennan kröfulið reisti Grafarvogssókn á áætlun og taldi hann hæfilegan 300.000 krónur.

Skiptastjórar áfrýjanda viðurkenndu ekki þessa kröfu. Krafði Grafarvogssókn í kjölfarið Sjóvá-Almennar tryggingar hf. um greiðslu samkvæmt fyrrnefndri verkábyrgð. Náðist samkomulag milli þeirra um, að Grafarvogssókn yrðu greiddar 5.100.000 krónur, en frá þeirri fjárhæð dróst 3.062.671 króna, sem áfrýjandi átti ógreidda frá verkkaupanum samkvæmt áður sögðu. Var þetta samkomulag gert án samráðs við áfrýjanda. Þegar eftir gerð þess afturkallaði Grafarvogssókn kröfur samkvæmt fyrrgreindri kröfulýsingu.

III.

Kröfur áfrýjanda á hendur stefndu, Grafarvogssókn, eru aðallega um greiðslu á 3.062.671 krónu, sem er óskert fjárhæð eftirstöðva verklauna samkvæmt samningi SH-verktaka hf. við stefndu. Til vara krefst áfrýjandi greiðslu á 2.116.671 krónu, en þá fjárhæð finnur hann þannig, að hann lækkar aðalkröfu sína um 946.000 krónur í samræmi við útreikninga verkfræðingsins Benedikts Olgeirssonar á hæfilegri gagnkröfu Grafarvogssóknar. Fjárhæð ógreiddra verklauna áfrýjanda er óumdeild í málinu.

Fyrir héraðsdómi gerði Grafarvogssókn sömu gagnkröfur og í fyrrgreindri kröfulýsingu sinni á hendur áfrýjanda. Af þeim tók héraðsdómur til greina kröfu vegna viðbótarkostnaðar Grafarvogssóknar af framkvæmd verksins eftir riftun samningsins við SH-verktaka hf., 2.751.627 krónur, kröfu um bætur vegna lagfæringa á vinnu verktakans, 1.257.768 krónur, og kröfu um kostnað vegna verkfræðipjónustu og lögræðipjónustu í tengslum við riftun samningsins og gerð nýs verksamnings, samtals 735.678 krónur.

Fyrir Hæstarétti krefst Grafarvogssókn aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, sem hún unir við í öllum atriðum. Samkvæmt því koma aðeins til álita fyrir Hæstarétti þær gagnkröfur hennar, sem teknar voru til greina í héraðsdómi, en þær eru alls að fjárhæð 4.745.073 krónur.

Verksamningur Grafarvogssóknar við SH-verktaka hf. var, sem fyrr segir, gerður 29. janúar 1992. Gagnkröfur hennar eru á því reistar, að verktakinn hafi vanefnt verksamninginn, og beri áfrýjandi bótaskyldu af þeim sökum. Kröfur Grafarvogssóknar á þessum grunni teljast því orðnar til á framangreindum degi, en hann er langt utan þeirra tímamarka, sem um ræðir í 1. mgr. 100. gr. laga nr.

21/1991 um gjaldprotaskipti o. fl. Verður því ekki fallist á það með áfrýjanda, að lagaákvæði þetta standi því í vegi, að gagnkröfum Grafarvogssóknar verði beitt til skuldafafnaðar við kröfur hans.

IV.

Áfrýjandi mótmælir kröfum Grafarvogssóknar um bætur vegna viðbótarkostnaðar af framkvæmd umrædds verks einkum á þeim grunni, að við upphaf gjaldprotaskipta á búi SH-verktaka hf. hafi tveir verktakar boðist til að taka við verkinu gegn sömu verklaunum og félaginu hefðu annars borið. Grafarvogssókn hafi hafnað þessum boðum og látið síðan hjá líða að efna til útboðs á eftirstöðvum verksins, en þess í stað gert verksamning við Ístak hf. án teljandi könnunar á því, hvort aðrir fengjust til að ljúka verkinu gegn lægra verði. Telur áfrýjandi, að Grafarvogssókn hafi þannig ekki gætt skyldu sinnar til að takmarka tjón sitt, og geti hún því ekki nú krafist hann um bætur af þessum sökum.

Af hálfu Grafarvogssóknar er því mótmælt, að verktakarnir, sem skiptastjórar segja hafa verið reiðubúna til að taka við umræddu verki gegn áður umsömdum verklaunum, hefðu verið færir um af fjárhagslegum og tæknilegum ástæðum að leysa verkið af hendi. Gegn þessum mótmælum hefur áfrýjandi ekki fært fyrir því viðhlítandi rök, að umræddir verktakar hefðu getað leyst verkið af hendi í samræmi við ákvæði upphaflega verksamningsins. Áfrýjandi hefur ekki heldur sýnt fram á, að fært sé að hafa boð þessara verktaka til marks um, að aðrir verktakar, sem verkkaupi hefði mátt setta sig við, hefðu fengist til að leysa verkið af hendi gegn sama verði.

Samkvæmt því, sem áður var rakið, voru verklaunin, sem Grafarvogssókn samdi um að greiða Ístaki hf. fyrir að ljúka umræddu verki, nokkru hærri en samið var um við SH-verktaka hf. Til þess verður hins vegar að líta, að við upphaflegt útboð á verkinu var boð SH-verktaka hf., svo að um munaði, lægst og langt innan kostnaðar-áætlunar. Í samningi Grafarvogssóknar við Ístak hf. voru verklaun lægri en sömu verkþættir áttu að kosta samkvæmt upphaflegu boði Sveinbjörns Sigurðssonar hf., sem átti næstlægsta boð á eftir SH-verktökum hf., þegar verkið var í öndverðu boðið út. Þá er þess og að gæta, að umfang verksins, sem Grafarvogssókn samdi um við Ístak hf., var verulega minna en þess, sem SH-verktakar hf. tóku að

sér, og var verktíminn einnig orðinn hlutfallslega skemmri. Að þessu virtu og þegar tekið er tillit til þess kostnaðar og tafa, sem hefðu fylgt almennu útboði á eftirstöðvum verksins, verður ekki fallist á, að áfrýjandi hafi leitt nægilega að því líkur, að Grafarvogssókn hefði á þann hátt geta aflað hagstæðara tilboðs en þess, sem hún tók frá Ístaki hf.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, hefur áfrýjandi ekki sýnt fram á, að Grafarvogssókn hafi ekki takmarkað, eins og ætlast mátti til, tjón sitt vegna riftunar verksamningsins við SH-verktaka hf. Á Grafarvogssókn því rétt til bóta vegna aukins kostnaðar af framkvæmd verksins, og þykja þær hæfilega ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi, 2.751.627 krónur.

V.

Áfrýjandi mótmælir sem ósönnuðum kröfum stefndu, Grafarvogssóknar, vegna kostnaðar af lagfæringu á verki SH-verktaka hf. Stefnda hefur ekki aflað matsgerðar dómkvadds manns um nauðsyn þessara lagfæringa eða hæfilegan kostnað af þeim. Liggja ekki heldur fyrir önnur viðhlítandi gögn til að styðja úrlausn við um þessar kröfur. Verður þeim því þegar af þeirri ástæðu hafnað.

VI.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður fallist á, að Grafarvogssókn eigi vegna kostnaðar af verkfræðipjónustu og lögfræðipjónustu í tengslum við riftun verksamnings við SH-verktaka hf. rétt til bóta úr hendi áfrýjanda með þeirri fjárhæð, sem þar er ákveðin, 735.678 krónum. Er þá litið til þess, að áfrýjandi hefur ekki hnekkst því áleti héraðsdóms, sem var skipaður sérfróðum meðdómsmönnum, að reikningskröfur vegna verkfræðipjónustu séu hvorki óréttmætar né óeðlilegar.

VII.

Samkvæmt framangreindu verða teknar til greina gagnkröfur stefndu, Grafarvogssóknar, á hendur áfrýjanda, að fjárhæð 3.487.305 krónur. Eru gagnkröfurnar þannig hærri en kröfur áfrýjanda, sem nema 3.062.671 krónu. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu Grafarvogssóknar því staðfest svo og ákvæði hans um málskostnað, enda hefur héraðsdómi ekki verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum málsins verður áfrýjandi dæmdur til að greiða Grafarvogssókn málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá héraðsdómi, að því er varðar stefnda, Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um sýknu stefndu, Grafarvogssóknar, og um málskostnað.

Áfrýjandi, þrotabú SH-verktaka hf., greiði stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Þá greiði áfrýjandi stefndu, Grafarvogssókn, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. júní 1994.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 3. júní sl., hefur þrotabú SH-verktaka hf., kt. 670286-1349, sem er til gjaldþrotaskiptameðferðar samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 8. febrúar 1993, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 22. og 23. nóvember 1993, á hendur sóknarnefnd Grafarvogskirkju, kt. 520789-1389, Logafold 58, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru eftirgreindar:

1. Á hendur stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, aðallega, að sóknarnefndin verði dæmd til að greiða stefnanda 3.062,671 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 902.055 kr. frá 15. febrúar 1993 til 15. maí 1993, en af 3.062.671 kr. frá þeim degi til greiðsludags, til vara, að sóknarnefndin verði dæmd til að greiða stefnanda 2.116.671 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum af 902.055 kr. frá 15. febrúar 1993 til 15. maí 1993, en af 2.116.671 kr. frá þeim degi til greiðsludags.

2. Á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. gerir stefnandi þær kröfur, að félaginu verði gert að þola dóm í málinu um kröfurnar á hendur sóknarnefnd Grafarvogskirkju.

3. Á hendur báðum stefndu gerir stefnandi þá kröfu, að þeir verði in solidum dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað.

Endanlegar dómkröfur stefndu, sóknarnefndar Grafarvogskirkju, eru þær aðallega, að sóknarnefndin verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda,

en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst sóknarnefnd málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda, Sjóvá-Almennra trygginga hf., eru þær aðallega, að félagið verði algjörlega sýknað af kröfum stefnanda, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar. Það krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins ásamt virðisaukaskatti. Beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu. Gerð er krafa um, að áfallnir dráttarvextir af málskostnaði bætist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

SH-verktakar hf., sem höfðu starfsstöð að Stapahrauni 4, Hafnarfirði, voru verktakafyrirtæki, einkum í byggingariðnaði. Félagið hafði 29. janúar 1992 gert verksamning við stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, um smíði fyrsta áfanga að kirkju við Fjörgyn í Grafarvogi. Samningur þessi var gerður í kjölfar útboðs í októbermánuði 1991, þar sem sjö verktakafyrirtæki skiluðu tilboði í verkið. Lægsta tilboð kom frá SH-verktökum hf., að fjárhæð 53.391.104 kr., sem var u. þ. b. 67,7% af kostnaðaráætlun verksins. Nokkur munur var á boðum frá verktökum, en hæsta tilboð kom frá Hagvirki-Kletti hf., og var það nokkuð ofan kostnaðaráætlunar. Tilboð í verkið voru opnuð 19. nóvember 1991. Í framhaldi af því var svo greindur verksamningur gerður.

SH-verktakar hf. fengu greiðslustöðvun 11. janúar 1993, en bú félagsins var tekið til gjaldprotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðnum 8. febrúar 1993. Sama dag voru þeir Jóhannes Sigurðsson hdl. og Viðar Már Matthíasson hrl. skipaðir skiptastjórar í þrotabúinu. Í samráði við verkkaupa, stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, tilnefndu aðilar tvo byggingarfróða menn til þess að komast að niðurstöðu um hugsanlega inn eign hins gjaldþrota félags hjá sóknarnefndinni vegna framkvæmda, sem unnar höfðu verið, en ekki verið greitt fyrir. Af hálfu þrotabúsins vann Benedikt Olgeirsson verkfræðingur þetta verk, en af hálfu sóknarnefndar Grafarvogskirkju vann verkið Torfi G. Sigurðsson, verkfræðingur hjá verkfræðistofunni Hönnun hf. Fyrir lá reikningur frá hinu gjaldþrota félagi, sem miðaðist við 1. febrúar 1993, að fjárhæð 902.055 kr., og var hann óumdeildur tölulega. Af hálfu þrotabúsins var tekinn saman reikningur miðaður við verkstöðu 8. febrúar 1993, og var þá einnig tekið tillit til aukaverka, sem áður voru unnin. Fjárhæð þessa reiknings var upphaflega 2.235.534 kr., en að lokinni athugun hinna sérfróðu manna og eftir yfirferð Torfa G. Sigurðssonar yfir verkstöðuyfirlit og fleira var niðurstaðan sú, að reikningsfjárhæð

var lækkuð í 2.160.616 kr. Samtals nema því kröfur þrotabús SH-verktaka hf. á hendur stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, 3.062.671 krónu.

Lýsing stefnanda.

Stefnandi heldur því fram, að verksamningurinn hafi verið efndur réttilega af hálfu SH-verktaka hf., a. m. k. hafi ekki legið fyrir viðvaranir eða kröfur frá verkkaupa um vanefndir af hálfu verktaka. Hann tekur þó fram, að ekki hafi verið í verksamningi ákvæði um févíti eða dagsektir, ef verkið drægist.

Við upphaf gjaldþrotaskipta hafi þrotabú SH-verktaka hf. átt þess kost að ganga inn í ofangreindan verksamning. Stefnandi kveður það þó ekki hafa komið til greina af hálfu þrotabúsins, þar sem ákveðið hafi verið að hætta öllum atvinnurekstri hins gjaldþrota félags. Þrotabúið hafi þrátt fyrir það haft mikla hagsmuni af því, að sóknarnefnd Grafarvogskirkju yrði ekki fyrir tjóni vegna gjaldþrots félagsins, bæði vegna hugsanlegs skuldajafnaðarréttar á skaðabótakröfum sóknarnefndarinnar og einnig vegna þess, að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. höfðu selt verkábyrgð vegna verksins, að fjárhæð 5.339.110 kr., og átti tryggingafélagið bakveð í eignum hins gjaldþrota félags, ef svo færi, að greiða þyrfti sóknarnefnd bætur. Segir stefnandi, að þess vegna hafi þrotabúið leitast við að koma í veg fyrir tjón sóknarnefndar Grafarvogskirkju eða takmarka tjón hennar sem allra mest. Hafi legið ljóst fyrir við upphaf gjaldþrotaskipta, að fyrirtækið Hagvirki-Klettur hf., sem hafi verið með stærstu verktakafyrirtækjum landsins, hafi verið reiðubúið að ganga inn í verksamninginn á sama einingaverði og upphaflega var samið um, enda hafi verið gert ráð fyrir því, að þrotabúið lánaði eignir, sem það átti á staðnum, svo sem vinnuskúra og fleira. Til þess hafi þrotabúið verið reiðubúið, enda legið fyrir, að Hagvirki-Klettur hf. myndi taka við ráðningarsamningum starfsmanna hins gjaldþrota félags og létta þannig af búinu forgangskröfum vegna launa starfsmanna í uppsagnarfresti. Jafnframt hafi legið fyrir, að þrír menn, þ. e. Páll Harðarson, sem verið hafði byggingarstjóri á staðnum, Jón E. Halldórsson húsmíðameistari, sem verið hafði verkstjóri á staðnum, og Salvar Guðmundsson trésmíðameistari, sem rekur trésmíðaverkstæði, hafi einnig í sameiningu verið tilbúnir til þess að taka við verksamningi þeim, sem hið gjaldþrota félag hafði haft, og ljúka verkinu á umsömdum tíma gegn þeim greiðslum, sem eftir voru samkvæmt verksamningi.

Stefnandi skýrir svo frá, að af hálfu þrotabús SH-verktaka hf. hafi eindregið verið lagt að stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, að ganga til samninga á þessum grundvelli. Hafi skiptastjórar margsinnis rætt við formann sóknarnefndar, Magnús Ásgeirsson, um þessi atriði þegar við upphaf

skipta, enda hafi yfirlýsingar þessara aðila, sem ljúka vildu verkinu, legið fyrir þegar 8. og 9. febrúar 1993. Af hálfu sóknarnefndar Grafarvogskirkju hafi hins vegar ekki verið gengið til samninga við þessa aðila. Hafi þess í stað verið hafnar viðræður án útboðs við aðra verktaka, en skiptastjórar hafi ekki fengið að taka þátt í þeim viðræðum eða fylgjast með þeim sem áheyrnarfulltrúar þrátt fyrir þá miklu hagsmuni, sem þrotabúið hafi átt að gæta. Hinn 11. febrúar 1993 hafi fyrirvaralaust verið lýst yfir riftun verk-samnings. Hafi af hálfu þrotabúsins verið talið, að um heimild til riftunar væri ekki að ræða, a. m. k. að svo stöddu, og hafi því verið lýst yfir í bréfi til stefndu, sóknarnefndar Grafarvogskirkju.

Sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi svo samið við Ístak hf. um að ljúka verkinu við mun hærra verði en samkvæmt fyrri verksamningi. Telji sóknarnefnd, að eftirstöðvar samnings hennar við hið gjaldþrota félag hafi verið 23.802.599 kr., en samningurinn við Ístak hf. hafi hljóðað upp á 27.130.554 kr. Þessum verksamningi hafi einnig fylgt sem fylgiskjal yfirlit yfir verk, sem fólu í sér lagfæringar og frágang vegna fyrri verktaka. Hafi sú fjárhæð verið inni í verksamningsfjárhæðinni. Þennan verksamning hafi stefnda gert án útboðs og án samráðs við þrotabú SH-verktaka hf. og án þess að gefa þrotabúinu kost á að tjá sig um málið með nokkrum hætti. Hafi samningurinn verið sendur með bréfi lögmanns stefndu, sóknarnefndar Grafarvogskirkju, dags. 17. mars 1993, og í því tekið fram, að samningurinn yrði undirritaður þann dag.

Það hafi verið afstaða þrotabús SH-verktaka hf., að vegna samnings þessa og efnis hans breytti hann engu um réttarstöðu þrotabúsins, og hafi því þrotabúið haldið uppi kröfum sínum á hendur sóknarnefnd Grafarvogskirkju um greiðslu á ógreiddum reikningum. Sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi haft uppi ýmsar gagnkröfur, m. a. um viðbótarkostnað vegna gerðar nýs verksamnings, en samtals hafi kröfur hennar numið 11.561.523 kr. Inn í þeirri fjárhæð hafi t. d. verið krafa, 411.400 kr., vegna kostnaðar við fundasetur sóknarnefndar, 480.000 kr. vegna ráðgjafarkostnaðar Hönnunar hf. og 300.000 kr. vegna lögfræðilegrar ráðgjafar auk 300.000 kr. vegna hreinsunar lóðar, sem þrotabúið hefði þó látið hreinsa áður með ærnum tilkostnaði.

Stefnandi getur þess, að í fylgiskjali með verksamningi sóknarnefndar Grafarvogskirkju við Ístak hf. megi sjá, að nokkrir liðir þar séu vegna hreinsunar. Sýnist sóknarnefnd Grafarvogskirkju ætla að fá hreinsun lóðarinnar, sem hafði, eins og fyrr segir, þegar verið unnin af hálfu þrotabúsins, greidda allmörgum sinnum. Kröfum sóknarnefndar á hendur þrotabúinu hafi algjörlega verið hafnað af hálfu þrotabúsins í bréfi, sem dagsett sé 3.

maí 1993, en til vara hafi verið fallist á kröfur, að fjárhæð 946.000 kr., og hafi í því efni verið stuðst við faglega úttekt Benedikts Olgeirssonar verkfræðings, sem dagsett var sama dag.

Sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi kafið Sjóvá-Almennar tryggingar hf. um greiðslu á 5.339.110 kr. vegna verktryggingar, sem félagið hafði selt. Hafi krafa þessi verið sett fram í bréfi, dags. 4. maí 1993. Protabúið hafi eindregið lagst gegn því, að tryggingin yrði greidd, og ritað báðum stefndu bréf, sem dagsett sé 7. júní 1993, þar sem afstaða hafi verið skýrð. Viðtakandi bréfsins f. h. Sjóvá-Almennra trygginga hf. hafi verið Stefán Guðbergsson verkfræðingur, sem hafi komið fram fyrir hönd félagsins í málinu. Hafi hann átt fundi með skiptastjóra þrotabús SH-verktaka hf., þar sem honum hafi verið gerð ýtarleg grein fyrir málinu, m. a. því, að það væri eingöngu á ábyrgð tryggingafélagsins, ef það greiddi úr tryggingunni án samþykkis þrotabúsins.

Þrátt fyrir þetta hafi stefndu samið um það sín á milli, að stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiddi sóknarnefnd Grafarvogskirkju 5.100.000 kr., og það, sem meira væri, að fjárhæð þessi hefði verið greidd m. a. með inneign þrotabús SH-verktaka hf. hjá sóknarnefnd Grafarvogskirkju, að fjárhæð 3.062.671 kr., en afgangurinn, 2.037.329 kr., sýndist hafa verið greiddur í peningum. Þetta samkomulag hafi verið gert án vitundar þrotabús SH-verktaka hf. og það, þótt verið væri að nota fjármuni þrotabúsins í uppgjöri, sem þrotabúið hafði lýst yfir, að það legðist gegn. Hafi reyndar verið lögð á það áhersla af hálfu stefnda, Sjóvá-Almennra trygginga hf., að þrotabúinu yrði ekki blandað í málið.

Þrotabúinu hafi borist vitneskja um þetta samkomulag 10. júní 1993 í bréfi frá lögmanni stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, og í símtali við hann sama dag hafi verið lýst yfir því, að uppgjör þetta væri með engum hætti bindandi fyrir þrotabúið. Stefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf., hafi jafnframt verið tilkynnt þetta í símtali sama dag og sent bréf um sömu afstöðu.

Lýsing stefndu.

Sóknarnefnd segir, að við opnun tilboða hafi þótt ljóst, að tilboð SH-verktaka hf. hafi verið óvenjulágt og augljóslega sett fram í þeim tilgangi að bæta verkefnastöðu félagsins í harðnandi verktakasamkeppni, eins og skiptastjóri búsins hafi réttilega bent á. Til tryggingar efndum á samningum hafi verktaki lagt fram yfirlýsingu um verktryggingu frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., að fjárhæð 5.339.110 kr.

Að með töldum verðbótum hafi tilboðsfjárhæð SH-verktaka hf. þann

dag, er félagið var tekið til gjaldþrotaskipta, numið 53.690.332 kr., og hafi þá verið unnið samkvæmt samningi fyrir 29.888.233 kr., einnig að verðbótum með töldum. Fyrirtækið hafi þá þegar verið búið að tapa miklu fé vegna tilboðs síns og verksamnings.

Protabú SH-verktaka hf. hafi átt þess kost að ganga inn í ofangreindan verksamning og fullnusta hann gagnvart verkkaupa. Af hálfu skiptastjóra búsins hafi því hins vegar strax verið lýst yfir, að svo yrði ekki gert. Þess í stað hafi skiptastjórar hvatt stefnda eindregið til þess að semja við Hagvirki-Klett hf. um verklok, þar sem það fyrirtæki hefði þá lýst yfir þeim vilja sínum „að ganga inn í verksamninginn á sama einingaverði og upphaflega var samið um, enda gengið út frá því, að þrotabúið lánaði aðstöðu þá, sem það átti á staðnum, svo sem vinnuskúra og fleira“, svo að orðrétt sé vitnað til ummæla stefnanda. Um sama leyti hafi svo skiptastjórar kynnt „tilboð“ sama eðlis frá fyrrum starfsmönnum SH-verktaka hf. f. h. óstofnaðs firma þeirra. Yfirlýsing frá Hagvirki-Kletti hf. hafi aldrei verið sýnd forsvarsmönnum stefnda eða lögð fyrir þá til formlegrar ákvörðunar, heldur aðeins um hana rætt á fundum þeirra og skiptastjóra búsins.

Með yfirlýsingu, dags. 11. febrúar 1993, hafi sóknarnefnd rift verksamningi aðila. Um forsendur riftunar hafi verið vísað til ákvæða 1. mgr. 93. gr. laga nr. 21/1991 og 1. mgr. 26. kafla ÍST 30. Af hálfu stefnanda hafi því verið mótmælt, að sóknarnefnd hefði heimild til riftunar, en þess um leið getið, að stefnandi myndi ekki meina henni að semja við aðra verktaka um framhald verksins. En um leið hafi sóknarnefnd verið tilkynnt, að þrotabúið eða Sjóvá-Almennar tryggingar hf. yrði ekki krafið um bætur vegna ætlaðs tjóns, sem af því kynni að leiða, að stefndi semdi við annan verktaka um hærri einingaverð.

Dagana 16. og 17. febrúar 1993 hafi farið fram úttekt á verkstöðu framkvæmda, svo sem áður er getið. Í úttekt þeirri séu þar taldar upp aðfinnslur að verkinu og frágangi verktaka, alls í 83 töluliðum. Í framhaldi af riftun verksamnings hafi stefnda leitað eftir afstöðu Sjóvá-Almennra trygginga hf. sem ábyrgðaraðila verksins til beinnar aðildar tryggingafélagsins að verksamningi um lokafrágang verksins. Þeirri beiðni stefndu hafi tryggingafélagið hafnað.

Til þess að stemma stigu við frekari verktöfum hafi sóknarnefnd Grafarvogskirkju ákveðið að efna til lokaðs útboðs meðal einhverra þeirra verktaka, sem áður höfðu boðið í verkið. Fyrir valinu hafi orðið Ístak hf. og verktakafyrirtæki Sveinbjörns Sigurðssonar, bæði mjög traust og rótgróin fyrirtæki, sem ætla hafi mátt, að skiluðu umsömdu verki á hagkvæman, öruggan og skjótan hátt án áfalla. Að áliti sérfróðra aðila hafi ekki þótt ráð-

legt að efna að nýju til almenns samkeppnisútboðs vegna kostnaðar og verktafa, en ekki síst vegna þess, að ekkert gaf vísbendingu um, að fram gæti komið boð í líkingu við fyrra boð SH-verktaka hf. Mikið tap fyrirtækisins á verki þessu hafi þá verið á allra vitorði.

Tilboð Ístaks hf. hafi reynst hagstæðara, og hafi á grundvelli þess verið gerður verksamningur við fyrirtækið 17. mars 1993. Tilboðsfjárhæð hafi verið 21.171.910 kr., en án steinsteypu, sem verkkaupi hafi samið um við steypuverksmiðju, að fjárhæð 6.522.644 kr. Hins vegar hafi tilboð Ístaks hf. falið í sér tilboð í ýmsar lagfæringar á verkinu ásamt frágangi eftir fyrri verktaka, hvort tveggja á grundvelli úttektar verkfræðinga, og hafi tilboðsfjárhæð í þá verkþætti verið 974.000 kr. Samkvæmt útreikningi Torfa G. Sigurðssonar verkfræðings, fulltrúa stefndu við úttekt, hafi heildarkostnaður við lagfæringar verið áætlaður 2.151.768 kr., en tilboð Ístaks hf. hafi aðeins verið í hluta þeirra lagfæringa.

Hinn 3. maí 1993 hafi kröfu sóknarnefndar verið lýst í protabú SH-verktaka hf., alls að fjárhæð 11.547.499 kr. Í kröfulýsingu hafi verið gerður áskilnaður um að skuldajafna kröfu sóknarnefndar við kröfur, sem stefnandi kynni að eiga á hendur henni, að svo miklu leyti sem til hrykki, og vísað þar um til 100., sbr. og 101. gr. laga nr. 21/1991. Kröfur þessar hefðu áður verið kynntar á fundi með skiptastjóra búsins og verkfræðingum, sem haldinn hafi verið 26. apríl 1993, og þá hafi verið lögð fram gögn kröfunni til stuðnings. Kröfu sóknarnefndar hafi verið hafnað, og hafi sú afstaða verið ítrekuð á skiptafundi í búinu 19. maí 1993. Á þeim fundi hafi verið lögð fram skýrsla frá skiptastjórum um hag búsins og þar greint frá því, að ekkert kæmi til greiðslu upp í almennar kröfur, ekkert upp í forgangskröfur og aðeins einhver fjárhæð upp í hluta af búskröfum. Þótti sóknarnefnd þá ljóst, að tilgangslaust væri að gera sér vonir um, að stefnandi bætti það tjón, sem af fjárproti hans leiddi, en þess í stað væru fram komnar fullar forsendur til að krefjast þeirrar verktryggingar af hálfu Sjóvá-Almennra trygginga hf., sem lögð hafði verið fram við gerð verksamnings.

Hinn 4. maí 1993 hafi sóknarnefnd gert kröfu á hendur ábyrgðaraðilanum Sjóvá-Almennum tryggingum hf. um greiðslu verktryggingar og sú krafa ítrekuð með bréfi, dags. 9. júní 1993. Eftir nokkurt samningaþóf milli sóknarnefndar og starfsmanna Sjóvá-Almennra trygginga hf., m. a. trúnaðarverkfræðings þess, hafi niðurstaða orðið sú, að tryggingafyrirtækið viðurkenndi kröfu sóknarnefndar um bætur, að fjárhæð 5.100.000 kr., sem sundurliðist þannig:

Tjón vegna verktakaskipta samkvæmt I. lið kröfulýsingar, dags. 3. maí 1993	kr. 2.800.000
Kostnaður af lagfæringum vegna frágangs verka samkvæmt II. lið kröfulýsingar	- 1.400.000
Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu o. fl. vegna verktakaskipta	- 800.000
Kostnaður vegna hreinsunar á lóð	- 100.000
Samtals	kr. 5.100.000

Við uppgjör tjónsins, er fram hafi farið 10. júní 1993, hafi af hálfu ábyrgðaraðila verið gerð krafa um frádrátt af tjónsbótum vegna skuldajöfnunarréttar sóknarnefndar við kröfur stefnanda samkvæmt ógreiddum reikningum, að fjárhæð 3.062.671 kr. Bætur til stefnda hafi því numið 2.037.329 kr. Við bótauppgjör hafi sóknarnefnd gert fyrirvara um réttmæti skuldajöfnunarkröfu ábyrgðaraðila og fyrirvari þessa efnis því skráður á skaðabótakvittun. Á hendur ábyrgðaraðilanum hafi ekki verið gerð krafa vegna ábyrgðar eftir verklok, sem kynnt hafði verið í kröfulýsingu, að fjárhæð 5.000.000 kr.

Málsástæður stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi átt fjárkröfu á hendur sóknarnefnd Grafarvogskirkju upp á 3.062.671 kr., sem hann segir, að hafi verið tölulega óumdeild. Stefnandi telur, að sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi ekki átt gagnkröfur á hendur sér og að hann hafi með engum hætti verið bundinn af samningum sóknarnefndar Grafarvogskirkju við Ístak hf. né heldur af samkomulagi stefndu í málinu. Stefnandi heldur því hinn tölulega óumdeildu kröfu sinni til streitu og krefst viðurkenningar héraðsdóms á henni. Stefnandi bendir á, að því fari fjarri, að sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi gætt þess að takmarka tjón sitt, enda hafi hún hvorki leitað eftir samningum við aðila, sem ljúka vildu verkinu við sama verði og hinn upphaflegi verksamningur gerði ráð fyrir, né heldur viðhaft útboð á því, sem eftir var af verkinu, en um hafi verið að ræða einfalt uppsteypuverk, sem margir verktakar hefðu vísast haft áhuga á.

Varakrafa stefnanda felur í sér, að frá aðalkröfu er dregin krafa sóknarnefndarinnar á hendur þrotabúinu, að fjárhæð 946.000 kr., í samræmi við faglega úttekt Benedikts Olgeirssonar, dags. 3. maí 1993, svo sem áður er greint frá.

Stefnandi vísar um rétt sinn til greiðslu kröfunnar til almennra reglna kröfuréttar um skyldu til að efna samninga réttilega. Um málskostnað vísar hann til reglna XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 130. gr.

Málsástæður stefndu, sóknarnefndar Grafarvogskirkju.

Sóknarnefnd kveður rökstuðning stefnanda reistan á afar hæpnum forsendum. Annars vegar sé slegið fram algerlega órökstuddri og ósannaðri fullyrðingu um, að sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi ekki gætt þess að takmarka tjón sitt vegna fjárþrots verktaka. Hins vegar sé hampað sem helgri bók greinargerð frá fyrrum yfirverkfræðingi SH-verktaka hf., þar sem niðurstaða sé að sjálfsögðu sú, að öllum kröfum sóknarnefndar sé vísað á bug nema kannski kröfu frá kollega hennar og einhverju smáræði, sem finna megj með góðum vilja. Þessum rökstuðningi sé mótmælt sem algerlega ósönnnum og haldlausum, svo sem nánar skuli útskýrt.

Óumdeilt sé, að þrotabúið hafði heimild til að ganga inn í verksamninga SH-verktaka hf. og gat því fullnustað verksamninginn gagnvart sóknarnefnd Grafarvogskirkju. Það vekir því furðu, að stefnandi skyldi ekki gera svo, ef sannfæring hans var sú, að annar hvor þeirra aðila, sem buðu sig fram strax í upphafi, Hagvirki-Klettur hf. eða óstofnað firma þriggja fyrrum starfsmanna hins gjaldþrota félags, hefði getað forðað öllum frá því tjóni, sem leitt gat af fjárþroti verksala. Ekki einn einasti fyrrum viðsejandi SH-verktaka hf. hafi viljað semja við þessa aðila, sem skiptastjórar búsins hafi þó eindregið mælt með, og stefnandi hafi sjálfur ekki haft kjark til að taka áhættuna og ganga inn í verksamninga.

Sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi gert allt, sem í hennar valdi stóð, til að takmarka tjón sitt sem allra mest. Hún hafi efnt til lokaðs útboðs, þar sem það hafi þótt álitlegra en samkeppnisútboð miðað við fyrri reynslu og markaðsaðstæður svo og til að verða ekki fyrir frekari töfum en orðið var. Hún hafi fengið tilboð, sem hafi í alla staði þótt eðlilegt, sanngjarnt og raunhæft, frá aðila, sem líklegur hafi verið til að ljúka framkvæmdum án áfalla. Tilboðið hafi að sönnu verið herra en hið upphaflega frá SH-verktökum hf., en ekki hafi þótt nokkur von til þess, að slíkt boð kæmi fram. Sjálf hafi sóknarnefnd Grafarvogskirkju samið við steypuverksmiðju um kaup á steinsteypu og náð þar fram afar hagstæðum samningi. Með hliðsjón af ofansögðu hafi legið ljóst fyrir, að sóknarnefnd Grafarvogskirkju hafi beðið tjón af fjárþroti verktaka, sem hafi numið mun hærri fjárhæðum en þeim reikningum, er stefnandi hafi átt ógoldna hjá stefndu, 3.062.671 kr. Í kröfulýsingu sóknarnefndar Grafarvogskirkju til þrotabúsins hafi því verið áskilinn réttur til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda á hendur henni. Svo sem þegar sé fram komið, sé ljóst, að þrotabúið eigi ekkert fé til greiðslu upp í kröfu sóknarnefndar. Því hafi kröfu hennar verið beint að Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á grundvelli verktryggingar félagsins. Niðurstaða þeirrar kröfugerðar hafi verið sú, að ábyrgðaraðili hafi viðurkennt

tjón sóknarnefndar, að fjárhæð 5.100.000 kr. Samkvæmt því nemi tjón sóknarnefndar mun hærri fjárhæðum en krafa stefnanda á hendur henni. Stefnandi eigi því enga kröfu á hendur sóknarnefnd Grafarvogskirkju, og beri því að sýkna hana af kröfum hans í máli þessu.

Í fyrrgreindri greinargerð Benedikts Olgeirssonar, fyrrverandi yfirverkfræðings SH-verktaka hf., komi fram, að þrotabúið geti samþykkt gagnkröfu til skuldajöfnunar frá sóknarnefnd Grafarvogskirkju, að fjárhæð 946.000 kr. Á þessu sé varakrafa stefnanda reist. Þótt niðurstöðu greinargerðarinnar sé mótmælt, enda hún samin af aðila, sem dragi taum þrotabúsins, sé rétt að vekja athygli á því, að höfundur bindi sig ekki fast við frádráttarfjárhæðina 946.000 kr., svo sem stefnandi geri, heldur láti hann líka að því liggja, að fjárhæð til skuldajöfnunar geti orðið miklu hærri. Því miður rökstyðji hann ekki orð sín, nema vera skyldi gagnvart kröfu sóknarnefndar, um ábyrgð eftir verklok. Þar telji hann þó, að sóknarnefnd geti kafið þrotabúið um 1.500.000 kr. Hins vegar sé hann á villigötum í umfjöllun sinni um lagfæringar, að fjárhæð 410.000 kr., sem hann telji tvíreiknaðar. Þá þyki sóknarnefnd með ólíkindum, hversu léttvæg höfundur telji öll þau aðfinnsluatriði og frágangsverk, sem fram komi í úttekt hans og Torfa G. Sigurðssonar verkfræðings.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnda, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, til 1. mgr. 93. gr. laga nr. 21/1991, sbr. og 100. og 101. gr. sömu laga, svo og fram lagðra gagna, verksamnings og fylgiskjala, einkum 26. og 28. kafla ÍST 30, 3. útgáfu 1988. Fram lögð gögn sýni ótvírætt, að stefnandi eigi engar fjárkröfur á hendur sóknarnefnd, miklu fremur hafi hún beðið tjón af fjárþroti stefnanda, og nemi það tjón meiru en stefnandi geti nokkru sinni bætt nefndinni þrátt fyrir skuldajöfnuð hennar við kröfur stefnanda á hendur henni. Að öðru leyti vísar sóknarnefnd til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um efndir samninga. Krafa um greiðslu málskostnaðar sé reist á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður stefnda, Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. benda á, að málið sé vanreifað gagnvart þeim. Af þeim sökum beri að vísa málinu frá ex officio, að því er varðar Sjóvá-Almennar tryggingar hf., samkvæmt 1. mgr. 100. gr. eml. Ekki sé þó gerð krafa um frávisun.

Stefnandi geri þær kröfur á hendur aðalstefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, að hún verði dæmd til að greiða stefnanda 3.062.671 kr. Á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. geri hann þær kröfur, „að honum verði gert að þola dóm í málinu um kröfurnar á hendur sóknarnefnd Grafar-

vogskirkju“. Þetta verði ekki skilið á annan hátt en þann, að krafist sé solidaríks dóms á hendur báðum stefndu um greiðslu á 3.062.671 kr. til stefnanda. Í málinu sé engan rökstuðning að finna fyrir slíkri kröfu á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Það sé út í hött að vísa til bakveðs tryggingafélagsins í eignum hins gjaldþrota félags. Slík veð falli sjálfkrafa úr gildi samkvæmt 5. gr. váttryggingarskilmálanna, ef sýnt sé fram á, að tryggingafélagið hafi ranglega greitt bætur. Sama sé að segja um skaðabótakröfur sóknarnefndar á hendur stefnanda vegna tjóns af völdum stöðvunar verktakans. Séu slíkar bótakröfur of háar og skuldajöfnuður tjónþola við innstæðu verktaka röng, þá leiðréttist allt slíkt í málinu gagnvart sóknarnefnd. Hún greiði þá stefnanda, ef dómur staðfesti breytingu. Sóknarnefnd ætti í slíku tilfelli kröfu til hærri peningagreiðslu úr hendi tryggingafélagsins. Það eigi stefnandi ekki.

Stefnandi eigi enga beina aðild að kröfugerð á hendur váttryggingafélaginu, en aðildarskortur leiði til sýknu, sbr. 16. gr., 2. mgr., laga nr. 91/1991. Ljóst sé og raunar viðurkennt af stefnanda, að sóknarnefnd hafi beðið tjón af völdum SH-verktaka hf., sbr. greinargerð Benedikts Olgeirssonar, fulltrúa þrotabúsins, og staðfestingu bústjóra í fram lögðu bréfi til lögmanns sóknarnefndar, dags. 3. maí 1993. Váttryggingafélagið hafi þegar greitt tjónþola muninn í samræmi við eigið uppgjör hans og óskir. Tryggingartakinn, stefnandi málsins, eigi enga beina kröfu á hendur váttryggingafélaginu um breytingar á því uppgjóri, sem sóknarnefnd (tjónþoli) leggi til grundvallar fullum bótum. Tjónþoli, en það sé hann, sem sé tryggður, hafi samið um þá fjárhæð, sem hann fékk greidda frá tryggingafélaginu. Sóknarnefnd og þrotabú geti deilt um það, hvort uppgjör á tryggingarfénu sé réttmætt. Að slíkri hugsanlegri innbyrðis deilu milli verksala og verkkaupa eigi stefnandi enga beina aðild gagnvart Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Hann geti því ekki haft uppi sjálfstæðar kröfur á hendur tryggingafélaginu jafnframt mál-sókninni á hendur váttryggða.

Verði ekki fallist á aðildarskort, styðji Sjóvá-Almennar tryggingar hf. sýknukröfu sína sömu forsendum og meðstefndi, þ. e., að uppgjör við tjónþola hafi farið fram á lögmætan hátt.

Stefndi kveður ýmislegt benda til þess, að upphaflegt tilboð SH-verktaka hf. hafi verið gefið af vankunnáttu eða í örvæntingu vegna fjárhagslegra erfiðleika. Ljóst sé, að miklir erfiðleikar hafi steðjað að SH-verktökum hf. um það leyti og næstu mánuði, eftir að verksamningur var gerður. Ekki hafi verið liðið ár, þegar verktakinn hefði fengið greiðslustöðvun, og tæpum mánuði síðar hefði hlutafélagið verið úrskurðað gjaldþrota.

Svo virðist sem bústjórar þrotabúsins, lögmennirnir Jóhannes Sigurðsson

og Viðar Már Matthíasson, hafi ekki haft mikla trú að því, að unnt væri að ljúka verkinu taplaust með því að ganga inn í það, þótt þrotabúinu hafi verið gefinn kostur á því. Á hinn bóginn telji þeir, að byggingarstjóri og verkstjóri SH-verktaka hf., Páll Harðarson og Jón E. Halldórsson, auk Salvars Guðmundssonar trésmíðameistara hafi verið tilbúnir að taka við verksamningnum og ljúka verkinu á umsömdum tíma gegn þeim greiðslum, sem eftir hafi verið samkvæmt verksamningnum. Alveg sé ljóst, að þrotabúið hafi ekki tekið neitt mark á þessu tilboði, fyrst það tók ekki þann kost að ganga sjálft inn í verkið og láta þessa æðstu stjórnendur verksins í þágu SH-verktaka hf. ljúka verkinu. Það sé ekkert svar, að af hálfu þrotabúsins hafi það ekki komið til greina, „þar sem ákveðið var að hætta öllum atvinnurekstri hins gjaldþrota félags“. Bústjórarnir geti ekki vænst þess, að sóknarnefnd og/eða Sjóvá-Almennar tryggingar hf. taki gild tilboð þessara manna, sem bústjórarnir sjálfir gátu samið við þá um, en vildu ekki. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. hafi ekki heldur borið nægilegt traust til þessara manna, enda ljóst, að starfsemi SH-verktaka hf. hafi verið komin í öngþveiti undir þeirra verkstjórn. Verkábyrgð hefðu þeir því ekki fengið hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., en auðvitað hafi það verið sóknarnefnd, sem hafi tekið ákvörðun um að fara aðrar leiðir.

Þá hafi þrotabúið lagt fram yfirlýsingu frá Hagvirki-Kletti hf., dags. 9. febrúar 1993, þar sem félagið kveðst vera reiðubúið að ganga inn í verkið. Þetta tilboð Hagvirkis-Kletts hf. hafi verið háð því, að fyrst næðist samkomulag milli verkkaupa, verkábyrgðaraðila og skiptastjóra þrotabúsins um uppgjör á þegar áföllnum og fyrirsjáanlegum vanefndum, auk þess sem meta hafi þurft verkstöðu í verkunum miðað við 9. febrúar 1993. Tilboðið hafi því verið mjög skilyrt. Það hafi ekki heldur verið freistandi að semja við Hagvirki-Klett hf. miðað við upphaflegt tilboð, sem hafi verið langhæst allra tilboðanna. Auk þess hafi um þetta leyti staðið hörkudeilur milli Ragnars Hall, skiptaráðanda í þrotabúi Hagvirkis hf., vegna stofnunar Fórnarlambsins hf., sem áreiðanlega hafi fælt sóknarnefnd frá að versla við Hagvirki-Klett hf., sem hafi verið stjórnað af sömu aðilum. Upphaflegt tilboð Hagvirkis-Kletts hf., sem hafi, eins og áður sagði, verið 26 milljónum hærri en lægsta tilboð, hafi ekki heldur verið hvetjandi fyrir sóknarnefnd til samninga við það félag. Því megi við bæta, að sóknarnefnd hafi aldrei borið neitt tilboð frá Hagvirki-Kletti hf. og hún ekki fengið neinar fregnir af yfirlýsingu þess, dags. 9. febrúar 1993, fyrr en eftir að samið hafði verið við Ístak hf. um framhald verksins. Það virðist glemast, að það sé sóknarnefnd, sem taki trygginguna, en ekki bústjórarnir, og að tryggingafélögin ábyrgist ekki hvern, sem er.

SH-verktakar hf. hafi verið með mörg fleiri verkefni, sem hafi stöðvast við gjaldþrotið. Megi þar nefna verk fyrir Hampiðjuna hf., íþróttahús fyrir Vatnsleysustrandarhrepp, brú yfir Elliðaár fyrir Vegagerð ríkisins, byggingar fyrir Kassagerðina hf. og íbúðir fyrir aldraða. Vitað sé, að bæði Hampiðjan hf. og Vegagerðin hafi samið við Ístak hf. um framhald verkanna. Mun enginn þessara verkkaupa hafa treyst sér til að semja við Hagvirki-Klett hf.

Þá sé því haldið fram af stefnanda, að réttara hefði verið að halda nýtt útboð, en það hafi ekki verið gert. Þetta sé ekki rétt, því að lokað útboð hafi farið fram samkvæmt viðurkenndri venju (sjá nú lög nr. 65/1993, 14. til 16. gr.) á þann hátt, að tveimur upphaflegu tilboðsgjafanna, þ. e. Sveinbirni Sigurðssyni hf. og Ístaki hf., hafi verið gefinn kostur á að gera tilboð í lok verksins, en Sveinbjörn Sigurðsson hf. hafi verið næstlægstur í upphaflega tilboðinu. Bæði þessi fyrirtæki hafi sent inn tilboð, og hafi tilboð Ístaks hf. reynst hagstæðara og því verið tekið. Sé það haft í huga, sem hér hafi verið rakið, verði það ekki hrakið, að eðlilegt og sjálfsagt hafi verið að semja við Ístak hf. um framhaldið. Ístak hf. hafi einnig lagt fram verkábyrgð, að upphæð 2.019.791 kr.

Með yfirlýsingu, dags. 30. desember 1991, hafi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. ábyrgst sóknarnefnd Grafarvogskirkju sem verkkaupa greiðslu á allt að 5.339.110 kr. sem tryggingu fyrir því, að SH-verktakar hf. inntu af hendi samningsskyldur sínar við framkvæmd verksins „Grafarvogskirkja, útboðsverk II, uppsteypa“. Það, sem sé sérstakt við þessa tegund tryggingar, sé það, að verkkaupi (sóknarnefnd) geti kafið tryggingafélagið um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti án undangengins úrskurðar, telji hann það nauðsynlegt vegna vanefnda verktaka. Verktaki sem slíkur eigi þar engan tillögurétt. Það sé einvörðungu samningsatriði milli váttryggingafélagsins og verkkaupans, hvort eða að hve miklu leyti komi til greiðslu vegna vanefnda verksala. Engin deila sé um það, að verksali hafi ekki getað efnt verksamninginn, eftir að hann varð gjaldþrota. Sóknarnefnd hafi tilkynnt verktaka (skiptastjóra) um riftun samningsins, byggða á grundvelli gjaldþrotsins.

Lögmaður sóknarnefndar Grafarvogskirkju hafi gert grein fyrir tjóni nefndarinnar vegna vanefnda SH-verktaka hf. Á móti tjóninu komi inneign SH-verktaka hf. hjá sóknarnefnd, sem hafi numið 3.062.671 kr. Sú fjárhæð sé að sjálfsgöðu frádráttarbær, þegar váttryggingafélagið greiði hinum tryggða út það tjón, sem verktakinn hafi valdið honum. Sérstaklega sé vakin athygli dómsins á orðalagi þessarar kvittunar: „Greitt án viðurkenningar á bótaskyldu, en einvörðungu með hliðsjón af afdráttarlausum texta verktryggingarinnar, með heimild tjónþola til kröfugerðar á hendur félaginu.“

Forsendur og niðurstaða.

Kröfu stefnanda á hendur stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju, að fjárhæð 3.062.671 kr., hefur ekki verið sérstaklega mótmælt af hennar hálfu. Á hinn bóginn telur hún sig eiga gagnkröfu til skuldajafnaðar. Stefnandi mótmælir þeirri kröfu efnislega og einnig því, að stefndu hafi í uppgjöri sín á milli verið heimilt að skuldajafna kröfunni á móti tryggingarbótum vátryggingafélagsins. Við munnlegan flutning málsins hafði hann uppi þá málsástæðu, að skuldajöfnuður væri ekki heimill að öðru leyti í þessu máli, þ. e., að ekki mætti skuldajafna kröfu stefndu, sóknarnefndar, á móti kröfu stefnanda vegna mismunandi upprunatíma kröfu hans og gagnkröfu.

Kröfur málsaðila eru samrættar og stafa af sama samningi. Annars vegar er um að ræða kröfu um endurgjald fyrir verkhluta og hins vegar skaðabótakröfu vegna verksins. Það er niðurstaða dómsins, að um sé að ræða samþættar kröfur, sem stafi af sömu aðstöðu og reki tilurð sína til stofnunar verksamnings málsaðila og verði því ekki aðskildar í þessu máli. Þegar þetta er virt verður skuldajöfnuður þessara krafna talinn heimill í þessu máli. Skal því næst fjallað um gagnkröfu sóknarnefndar.

Við upphaf gjaldþrotaskipta átti þrotabú SH-verktaka hf. þess kost að ganga inn í ofangreindan verksamning og fullnusta hann gagnvart verkkaupa. Stefnandi segir sjálfur, að það hafi þó ekki komið til greina af hálfu þrotabúsins, þar sem ákveðið hafi verið að hætta öllum atvinnurekstri hins gjaldþrota félags. Af hálfu skiptastjóra búsins var þegar lýst yfir því, að svo yrði ekki gert. Sóknarnefnd stóð því frammi fyrir því að verða að snúa sér að öðrum aðila til að ljúka því verki, sem SH-verktakar hf. höfðu tekið að sér.

Stefnandi heldur því fram, að fyrir hafi legið, að þrír menn, þ. e. Páll Hardarson, sem verið hafði byggingarstjóri á staðnum, Jón E. Halldórsson húsasmíðameistari, sem verið hafði verkstjóri á staðnum, og Salvar Guðmundsson trésmíðameistari, sem rekið hafði trésmíðaverkstæði, hafi í sameiningu verið tilbúnir til að taka við verksamningi þeim, sem hið gjaldþrota félag hafði haft, og ljúka verkinu á umsömdum tíma gegn þeim greiðslum, sem eftir voru samkvæmt verksamningi. Svo sem áður greinir, gekk stefnandi ekki sjálfur inn í verkið og leitaði heldur aldrei eftir samþykki sóknarnefndar fyrir því, að þessir æðstu stjórnendur verksins lykju því á vegum þrotabúsins. Ekki liggur fyrir, að þessir aðilar hafi átt kost á verkábyrgð. Þegar titið er til þessa svo og þeirrar staðreyndar, að starfsemi stefnanda hafði stöðvast, á meðan þessir aðilar höfðu stjórn verksins á hendi, verður ekki talið ámælisvert af stefnda hálfu, þótt hann hafi tekið ákvörðun um að fara aðrar leiðir.

Stefnandi segir, að ljóst hafi legið fyrir við upphaf gjaldþrotaskipta, að fyrirtækið Hagvirki-Klettur hf. hafi verið reiðubúið að ganga inn í verk-samninginn á sama einingaverði og upphaflega var samið um, enda hafi verið gert ráð fyrir, að þrotabúið lánaði þau tæki, sem það átti á staðnum, svo sem vinnuskúra og fleira. Til þess hafi þrotabúið verið reiðubúið, enda legið fyrir, að Hagvirki-Klettur hf. myndi taka við ráðningarsamningum starfsmanna hins gjaldþrota félags og létta þannig af búinu forgangskröfum vegna launa starfsmanna í uppsagnarfresti. Liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá Hagvirki-Kletti hf., dags. 9. febrúar 1993, þar sem félagið kveðst vera reiðubúið að ganga inn í verkið.

Þess ber að gæta, að þetta tilboð Hagvirkis-Kletts hf. var háð því, að fyrst næðist samkomulag milli verkkaupa, verkábyrgðaraðila og skiptastjóra þrotabúsins um uppgjör á þegar áföllnum og fyrirsjáanlegum vanefndum, auk þess sem meta þurfti verkstöðu í verkunum miðað við 9. febrúar 1993. Tilboðið var því skilyrt. Fallast verður á það með sóknarnefnd, að upphaf-legt tilboð Hagvirkis-Kletts hf., sem var, eins og áður sagði, hæst allra til-boðanna, hafi ekki verið hvetjandi fyrir sóknarnefnd til að gera samninga við það félag. Fram kemur þegar í bréfi sóknarnefndar til stefnanda, dags. 15. febrúar 1993, að af hálfu hennar hafi ekki komið til álita að semja við Hagvirki-Klett hf. um framhald verksins, þar sem sóknarnefnd hafi ekki borið traust til fyrirtækisins og talið vafa á, hvort það hefði fjárhagslegt bol-magn til þess að standa við skuldbindingar sínar. Telur dómurinn það ekki óeðlilegt mat sóknarnefndar á þessum tíma, enda fór svo, að félagið lenti skömmu síðar í fjárhagsþrengingum. Breytir hér engu um, þótt Hagvirki-Klettur hf. hafi sinnt einstökum öðrum verkefnum eftir þennan tíma. Þegar þessi atriði öll eru virt saman, telur dómurinn ekki kleift að áfella sóknar-nefnd fyrir að snúa sér að öðrum aðilum.

Sóknarnefnd Grafarvogskirkju ákvað að óska eftir nýjum tilboðum frá tveimur þeirra verktaka, sem áður höfðu boðið í verkið. Fyrir valinu varð verktakafyrirtæki Sveinbjörns Sigurðssonar hf., sem var upphaflega með næstlægsta tilboð í verkið, og Ístak hf.

Vegna fyrri reynslu sóknarnefndar af gjaldþroti SH-verktaka hf. verður að telja skiljanlegt, að hún lagði kapp á, að svipaðir atburðir endurtækju sig ekki. Engin lagaskylda knúði sóknarnefnd til að hafa uppi almennt, opið útboð. Kostnaður við gerð nýrra útboðsgagna og nýtt almennt útboð hefði orðið allnokkur. Framangreind fyrirtæki teljast bæði mjög traust og rótgrón, sem ætla hafi mátt, að skiluðu umsömdu verki á hagkvæman, öruggan og skjótan hátt án áfalla. Tilboð Ístaks hf. reyndist hagstæðara, og var á grundvelli þess gerður verksamningur við fyrirtækið 17. mars 1993.

Dómurinn telur þó, að rétt hefði verið eftir atvikum að leita umsagnar stefnanda um hin nýju tilboð. Á hinn bóginn kom það fram við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi hjá Torfa Guðmundi Sigurðssyni, umsjónarverkfræðingi verksins, að tilboð verktakafyrirtækis Sveinbjarnar Sigurðssonar hf. hefði verið óbreytt frá fyrra upphaflegu tilboði fyrirtækisins í verkið að við bættum 400.000 kr. fyrir aðstöðusköpun. Þar sem tilboð Ístaks hf. reyndist enn lægra, verður að telja, að það hafi eftir atvikum verið viðunandi.

Þegar því framangreind atburðarás er virt í heild sinni, telur dómurinn, að þrátt fyrir gagnrýnisverða hnökra á framkvæmd tilboðasöfnunar sé ekki ástæða til að áfella sökarnefnd fyrir það verklag að öðru leyti, sem hún viðhafði, og fellst því ekki á, að ætlast hefði mátt til af henni, að hún takmarkaði tjón sitt með öðrum hætti. Verður því ekki fallist á bótaskyldu hennar vegna samningsins við Ístak hf. Skal því víkið að einstökum liðum í skuldajafnaðarkröfu sökarnefndar.

Dómurinn fellst á, að lagfæringar, sem metnar séu á 410.000 kr., í I. lið í skuldajafnaðarkröfu sökarnefndar skuli falla niður, enda kom fram við munnlegar skýrslutökur fyrir dómi, að hann væri innifalinn í magnuppgjöri aðila. Að öðru leyti verður samkvæmt framansögðu að fallast á þennan kröfulið sökarnefndar. Samkvæmt yfirlýsingu frá BM-Vallá hf., dags. 2. maí 1994, reyndust heildarkaup sökarnefndar Grafarvogskirkju á steypu árið 1993 nema 6.355.816 kr. Samkvæmt þessum lið verður því kröfufjárhæð 2.751.627 kr.

Kröfugerð sökarnefndar samkvæmt II. lið er að fjárhæð 1.741.768 kr. Við munnlega skýrslutöku fyrir dómi var viðurkennt af Torfa Guðmundi Sigurðssyni, umsjónarverkfræðingi verksins, að liðurinn múrbrót vegna misgengis, 432.000 kr., ætti að lækka í 250.000 kr., enn fremur, að liður fyrir hreinsun og fjarlægingu á rusli væri of hár. Viðurkennt er þó af stefnanda, að þessi liður ætti að nema 70.000 kr., og er því sú tala lögð til grundvallar. Í liðnum múrverk vegna misgengis í mótum, 269.000 kr., eru viðurkennd mistök, og á liðurinn að nema 120.000 kr. Liður fjarlæging á teinum og mótatengjum ætti einnig að lækka samkvæmt framburði greinds verkfræðings úr 35.000 kr. í 12.000 kr. Dómurinn telur þessar kostnaðartölur að öðru leyti eftir atvikum ekki ótrúverðugar, og hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að semja hefði átt um lægri fjárhæðir. Ber því að taka þennan lið til greina að fullu með 1.257.768 kr.

Ekki verður fallist á kröfugerð sökarnefndar samkvæmt III. lið, þ. e. vegna ábyrgðar eftir verklok, en ábyrgðin varð aldrei virk.

Stefnandi hefur að hluta til mótmælt kröfu sökarnefndar í IV. lið vegna

hönnunarþjónustu. Lagðir hafa verið fram sundurliðaðir reikningar vegna þessarar þjónustu, og var gerð grein fyrir þeim við munnlega skýrslutöku fyrir dómi. Þar sem stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að krafa þessi sé óréttmæt eða óeðlileg, verður hún til greina tekin í samræmi við reikninga, sem liggja fyrir í málsskjöllum, með 465.700 kr. Reikningur lögmannna þykir ekki óeðlilega hár vegna þeirrar þjónustu, sem í té var látin, og ber því einnig að taka hann til greina með 269.978 kr. Á hinn bóginn fellst dómurinn ekki á kröfu sóknarnefndar vegna fundarsetu. Hér er ekki um útlagðan kostnað að ræða, og ekki liggur ljóst fyrir í gögnum málsins, hve mikil aukin vinna var nauðsynleg af hálfu sóknarnefndar vegna vanefnda stefnanda. Þykir því ekki óeðlilegt, að hún beri þennan kostnað sjálf, sem stafar m. a. af óhjákvæmilegri fyrirhöfn hennar vegna framkvæmdanna í heild sinni. Kröfur samkvæmt þessum lið nema þannig samtals 735.678 kr.

Kostnaður við hreinsun lóðar samkvæmt V. lið er áætlaður, en ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn í málinu um greiðslu hans. Telur dómurinn sér því ekki fært að taka til greina neinn kostnað í þessu sambandi.

Kröfur stefnanda, sem dómurinn leggur til grundvallar, sundurliðast því þannig:

Tjón vegna verktakaskipta samkvæmt I. lið	
kröfulýsingar, dags. 3. maí 1993	kr. 2.751.627
Kostnaður af lagfæringum vegna frágangs	
verka samkvæmt II. lið kröfulýsingar	- 1.257.768
Kostnaður vegna aðkeypttrar þjónustu o. fl.	
vegna verktakaskipta samkvæmt IV. lið	- 735.678
Samtals	<u>kr. 4.745.073</u>

Þar sem krafa sóknarnefndar til skuldajafnaðar er þannig hærri en krafa stefnanda, verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna sóknarnefnd af kröfu hans.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., af kröfu stefnanda.

Eftir atvikum málsins og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Páli Ólafssyni yfirverkfræðingi og Þorkeli Erlingssyni verkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndu, sóknarnefnd Grafarvogskirkju og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, þrotabús SH-verktaka hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
